

LÖG
um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96/2002,
með síðari breytingum (frestun réttaráhrifa).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. 32. gr. frestar kæra á ákvörðun Útlendingastofnunar um að útlendingur skuli yfirgefa landið ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar í þeim tilvikum sem falla undir d-lið 1. mgr. 32. gr. Ákvæði þetta gildir til 1. janúar 2017.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. október 2016.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.